Alþingi
Erindi nr. Þ 135/117
komudagur 8.11.2007

SKJÓLSKÓGAR
Á VESTFJÖRÐUM
Aðalstræti 26
470 Þingeyri
sími 456 8201
gsm 893 1065
fax 456 8203
skjolskogar@netos.is

**Nefndasvið Alþingis**
**Austurstræti 8-10 150 Reykjavík**

**Vegna:**

**Athugasemdir við 130. mál.**

Þingeyri 8. nóvember 2007.

Umsögn Skjólskóga á Vestfjörðum um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. Þjsk.131 -130.mál.

Almennt álítur stjórn Skjólskóga varhugavert að kljúfa málaflokkinn *skógrækt á Íslandi* niður milli tveggja ráðuneyta. Engin hefð er fyrir því í íslenskri stjórnsýslu, að sami málaflokkur sé samtímis á forræði tveggja ráðuneyta, og því hætt við að málaflokkurinn muni fljótlega lenda utangarðs í stjórnkerfinu, skógræktarstarfi á landinu til skaða. Auk þess er bráð hætta á að afgreiðsla sameiginlegra mála verði til muna flóknari þegar skógræktaraðilar lúta forsjá mismunandi ráðuneyta. „Nytjaskógrækt á bújörðum" telst í eðli sínu ekki frábrugðin öðru skógræktarstarfi (t.a.m. skógrækt til landbóta og kolefnisbindingar; umsjón útivistarskóga) að því marki, að það réttlæti vistun í mismunandi ráðuneytum, enda getur margháttuð starfsemi farið vel saman í sama skógi (viðarnytjar, útivist, kolefnisbinding, efling á fjölbreytni lífríkis o.s.frv.)

Sú ráðstöfun, að skipta ábyrgð skógræktarmála á milli ráðuneyta, er ekki rökstudd í frumvarpinu, en slíkt á sér engin fordæmi í evrópskri löggjöf um skógræktarmál. Ennfremur má benda á að slíkt er í mótsögn við upphafsorð athugasemda sem fylgja með frumvarpinu (bls. 15) „...*að hagræða, einfalda stjórnsýslu og skipa skyldum málaflokkum undir eina stjórn*...." Starf á vegum hinna ýmsu skógræktaraðila í landinu er mun skyldara og líkara innbyrðis, en t.a.m. skógrækt og landgræðsla (sem hér á landi fer einvörðungu fram á vegum einnar ríkisstofnunar: Landgræðslu ríkisins). Því leggjum við til þá breytingu á frumvarpinu, að umhverfisráðherra verði falið að fara með landgræðslumál, en landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra að fara með skógræktarmál. Slíkt byði upp á minna óhagræði og stjórnkerfisflækjur en sundrun skógræktarmála.

Umsögn um einstaka liði:

**1.**
5. Þáttur. XVII. Kafli. Breytingar á lögum um skógrækt nr 3/1955, með síðari breytingu. 25. gr.
Við viljum benda á að hér er verið að leggja til breytingar á úreltum kafla í skógræktarlögum sem í raun hafa ekkert gildi, þar sem landshlutaverkefnin í skógrækt hafa tekið við því hlutverki að annast umsjón nytjaskógræktar á bújörðum af Skógrækt ríkisins. Frekar ætti að fella niður 4. kafla nefndra laga, í ljósi þess að í lögum um landshlutaverkefni í skógrækt nr. 95 13. júní 2006 er m.a. fjallað um nytjaskógrækt á lögbýlum.
Bent er á að engin umfjöllun er um né vísan í lög um landshlutaverkefni í skógrækt (nr. 95/2006) í þessu lagafrumvarpi, en á grundvelli þeirra er mestöll „atvinnuskógrækt" á Íslandi stunduð. Með tillögu við 24. grein er ætlunin að undanskilja „nytjaskógrækt á bújörðum" frá flutningi til umhvefisráðuneytis er líklega

átt við landshlutaverkefni í skógrækt (sbr. lög nr. 95/2006). Í því sambandi er rétt að vekja athygli hins háa Alþingis á að skógrækt sem stunduð er á lögbýlum á grundvelli þeirra laga er fjarri því að vera bundin við „nytjaskógrækt" heldur er þar einnig stunduð skjólbeltarækt og landbótaskógrækt s.s til uppgræðslu eydds lands, bætts vatnsbúskapar og vegna annarra markmiða en eingöngu þeirra „að framleiða viðarafurðir til iðnaðarnota " (sbr. skilgreining á hugtakinu „nytjaskógrækt" í lögum nr. 95/2006).
Á starfssvæði Skjólskóga á Vestfjörðum er önnur skógrækt en nytjaskógrækt rúmur helmingur allra samningsbundinna framkvæmda skógarbænda.

2.
Í athugasemdum með frumvarpinu er á bls. 18, 5. málsgrein er rætt um fjármuni til hagnýtra rannsókna Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins.
Gert er ráð fyrir samningi umhverfisráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra *„í samráði við Bændasamtök Íslands"*. Rétt er að benda á að skógarbændur hafa með sér hagsmunafélag; *Landsamtök skógareigenda*, sem væri hinn rétti hagsmunaaðili málsins. Meðal annarra hagsmunaaðila sem ráðuneyti ættu fremur að leitast eftir samráði við um fagráð eða stjórn yfir skógræktarrannsóknum eru t.a.m. Skógræktarfélag Íslands. Leggjum við til að forræði skógræktarrannsókna verði á hendi sama ráðuneytis og landshlutaverkefni í skógrækt (sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti), enda eru rannsóknir lífæð þess skógræktarstarfs sem hér fer fram á vegum landshlutaverkefnanna.

F.h. stjórnar Skjólskóga á Vestfjörðum

Sæmundur Kr. Þorvaldsson framkv.stj.